

Bjarni Reykjalín,
Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps
Kjarna
650 Laugar



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 3. janúar 2013
Tilvísun: UST20121000182/ksj

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Birkilands, frístundabyggðar í landi Voga 3 í Skútustaðahreppi

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Þingeyjarsveitar og Skútustaðahrepps er barst 30. október sl. þar sem vakin er athygli Umhverfisstofnunar á skipulagsáætlunum í auglýsingu, m.a. tillögu að breyttu deiliskipulagi Birkilands, frístundasvæðis í landi Voga 3. Deiliskipulag frístundabyggðarinnar Birkiland var upphaflega samþykkt í Skútustaðahreppi þann 06.03.2007.

Frístundabyggð

Tillaga er um að breyta áætlaðri frístundabyggð, Birkiland í landi Voga 3 í Skútustaðahreppi. Breytingin felur í sér að: að á hverri lóð er heimilt að byggja 2 hús í stað eins húss og eins aðstöðuhúss. Hámarksheildarstærð grunnflatar beggja húsanna er 180m² í stað 120m². Séu tvö hús byggð má minna húsið ekki vera stærra er 25m² að flatarmáli og stærra húsið verður að vera að lágmarki 20m² stærra. Til þess að einfalda lóðarhöfum landaöflögun húsa sinna, er heimilt að vera með kjallara undir húsum á lóðum nr. 3 – 30 og er það rými ekki reiknað með inn í hámarksheildarstærð húsa, heldur einungis aðalhæð húsa. Gerðar eru kröfur um að gólfplata í kjallara skuli vera a.m.k. 60sm undir að-liggjandi landi að þremur fjórðu hlutum útveggja húss og að einn fjórði hluti útveggja húss má ekki fara undir kjallaragólfplötu. Hámarkshæð gólfplötu húsa á lóðum nr. 1 og 2 yfir aðliggjandi landi er 60sm. Innan byggingarreits á lóðum nr. 3 - 27 er gefinn upp hæðarkóti á hæsta leyfi-lega þakflöt húsa.

Umhverfisstofnun hefur í umsögnum sínum um uppbyggingu ofangreindrar frístundabyggðar lagst gegn uppbyggingunni og telur hraunsvæðið í landi Voga 3 vera náttúruinjasvæði er nýtur sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun leggst gegn stækkun mannvirkja á ofangreindu svæði. Einnig er skipulag byggðarinnar á engan hátt aðlagað að landi með beinum götum og ferköntuðum lóðum eins og um skipulag á sléttu landi sé.

Frárennslí

Umhverfisstofnun bendir á að áætluð frístundabyggð er inni á vatnasviði Mývatns og Laxár. Um það svæði gildir reglugerð nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu og þar kemur eftirfarandi fram: „Skólp á vatnasviðinu skal hreinsað með ítarlegri hreinsun en tveggja þrepa hreinsun í samræmi við ákvæði 2. mgr. 7. gr reglugerðar um fráveitur og skólp.“ Umhverfisstofnun bendir því á að hefðbundin rotþró og siturlögn er ekki nægileg hreinsun á deiliskipulagssvæðinu skv. ofangreindri reglugerð. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að mikilvægt er að vel verði gengið frá allri fráveitu. Umhverfisstofnun bendir á að í reglugerð 450/2009 um breytingu á reglugerð um fráveitur og skólp koma fram hreinsikröfur fyrir ítarlegri hreinsun skólps.

Birkiskógur

Umhverfisstofnun bendir á að það svæði sem nú er í uppbyggingu þ.e. frístundabyggðin Birkiland í landi Voga 3 er að byggjast upp á svæði þar sem vex upprunalegur birkiskógur og einnig er á svæðinu nútímahraun. Samkvæmt stefnumörkun stjórnvalda „*Velferð til framtíðar, sjálfbær þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun til 2020*” eru birkiskógar lykilvistkerfi er ber að forðast að skerða frekar en orðið er og nútímahraun njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Upprunalegir birkiskógar á Íslandi hafa átt undir högg að sækja og það er mikilvægt viðfangsefni að tryggja að þeim verði ekki raskað enn frekar. Umhverfisstofnun telur því mikilvægt að við uppbyggingu samþykkrar frístundabyggðar í landi Voga 3 verði þess gætt að forðast röskun nútímahrauns og birkiskóga ef þess er nokkur kostur. Umhverfisstofnun leggst gegn stækkun frístundabyggðar í landi Birkilands til austurs.

Í skýrslu frá umhverfísráðuneytinu frá mars 2007, sem ber heitið “*Vernd og endurheimt íslenskra birkiskóga*” kemur fram að “*hinn 15. júní 2006 skipaði umhverfísráðherra nefnd sem var falið*

-Að kortleggja ógnir sem stöðja að íslenskum birkiskógum

-Að móta tillögur um hvernig megi efla vernd og endurheimt birkiskóga á Íslandi

-Að gera tillögur að leiðbeiningum vegna athafna sem hafa áhrif á birkiskóga.”

Í áðurnefndri skýrslu kemur fram að nefndin leggur áherslu á að “*Unnið verði áfram að friðun birkiskóga í samræmi við verndartillögur á Náttúruverndaráætlun 2004-2008*”.

Einnig kemur fram að nefndin leggur til að “*Sett verði opinbert markmið um að birkiskógar þeki í framtíðinni 10% af flatarmáli landsins*” og að “*Við endurheimt birkiskóga verði lögð áhersla á stór, samfelld svæði.*”


Í skýrslu umhverfísráðuneytisins kemur enn fremur fram að meðal helstu ógna sem stöðja að íslenskum birkiskógum sé að “*birkiskógum er raskað eða eytt vegna framkvæmda og má í því tilliti nefna ruðning birkiskóga vegna vegagerðar, stækkunar þéttbýlis og frístundabyggðar*”.


Í niðurlagi skýrslunnar eru tillögur ásamt greinargerð þar sem segir “*Fyrir framtíð birkivistkerfisins á Íslandi telur nefndin mikilvægt að vernda birkiskóga sem fyrir eru og auka útbreiðslu þeirra.*” Lögð er áhersla á að “*Gamlir íslenskir birkiskógar eru auðlind, sem fela í sér bæði náttúru og nýtingararfleið sem ekki er annars staðar að finna.*”

Niðurstaða

Umhverfisstofnun telur svæðið, að Vogum 3 sem skipulagt hefur verið fyrir frístundabyggð, og nú er tillaga um að stækka, sé mikilvægt náttúruinjasvæði og hefur í umsögnum sínum lagst gegn uppbyggingu frístundabyggðar á svæðinu. Að mati stofnunarinnar þarf að vanda vel uppbyggingu frárennslis með ítarlegri hreinsun en 2ja þrepa, og að á svæðinu sé hugað vel að því að mannvirki falli vel að náttúruinjasvæðinu til að draga úr sjónrænum áhrifum þeirra.

Virðingarfyllst


Ólafur A. Jónsson
Deildarstjóri


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

